

Mánudaginn 22. júní 1959.

Nr. 27/1954. **Helgi Lárusson og Ólafur Bjarnason,**
eigendur Efri-Steinsmýrar að $\frac{3}{4}$ hlutum,
 (Kristján Guðlaugsson hrl.)
 gegn
landbúnaðarráðherra f. h. ríkissjóðs, eiganda
Syðri-Steinsmýrar (Sveinbjörn Jónsson hrl.).
 Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Landamerkjamáli.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. marz 1954, að fengnu áfrýjunarleyfi 2. s. m. Krefjast þeir þess, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar af nýju. Þá krefjast þeir og málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

Hinum áfrýjaða dómi er að vísu áfátt um lýsingu málsatvika og málsástæðna svo og um rökstuðning af hálfu dómenda. Ekki þykir þó næg ástæða til að ómerkja dóminn af þeim sökum, og þar sem ekki eru aðrir þeir annmarkar á meðferð málsins, er valda eigi ómerkingu, verður ómerkingarkrafa áfrýjenda ekki tekin til greina. Verður málið því dæmt að efni til hér fyrir dómi, sbr. 2. gr. laga nr. 69/1954, enda verður að telja samkvæmt málflutningi, að tilætlun áfrýjenda sé að fá efnisdóm, er ómerkingarkröfunni er hrundið.

Eins og segir í hinum áfrýjaða dómi, er viðurkennt, að varða á Hrauntangabrún og svonefnd Sótabakkavarða séu rétt staðsettar, en bein lína milli varða þessara myndar mörk milli jarðanna Efri-Steinsmýrar og Efri-Fljóta. Hins vegar er ágreiningur milli aðilja máls þessa um framhald þessarar línu í átt til marka Kirkjubæjarhrepps og Hörgslandshrepps, en sú lína myndar mörk milli jarðanna Efri- og Syðri-Steins-

mýrar. Telja áfrýjendur, að lína þessi skuli dregin bein frá Sótabakkavörðu um tilgreinda grjótvröðu norðan rústa Gamlabæjar fram að áðurgreindum hreppamörkum. Stefndi telur hins vegar, að línu þessa beri að draga í beinu framhaldi, miðað við áðurgreindar vröður á Hrauntanga og Sótabakka.

Samkvæmt elztu landamerkjaskrá, frá 11. febrúar 1845, sem lögð hefur verið fram í málinu, voru landamerki Efri-Steinsmýrar á því svæði, er hér skiptir máli, ákveðin þannig: Úr „Þrívörðuhóli aftur þvert vestur í brunahraun, en þegar brunahrauninu sleppir fyrir sunnan nefnda jörð, eru landamerki austur úr miðjum bæjarfarvegnum þvert austur í hólma í kvíslinni fyrir ofan Gamlabæ og þaðan austur í mela.“ Að því er varðar Syðri-Steinsmýri, stendur svo í sömu skrá: „Úr Sótabakka aftur fyrir norðan nefnda jörð og í hólmann (i) kvíslinni fyrir ofan Gamlabæ og úr honum í Stórubót, þaðan og í sjó.“ Samkvæmt landamerkjaskrá 3. maí 1886 er lýsingin á nefndum mörkum þessi: „Suðvesturhornmark er grjótvarða, hlaðin á háu skeri, úr henni beina stefnu á aðra vröðu á hraunbrúninni á móts við miðjan fljótsfarveginn, sem er fyrir framan bæinn Efri-Steinsmýri, úr þeirri vröðu beina stefnu í vröðu á Sótabakka, úr þeirri vröðu beina stefnu í vröðu fyrir ofan Gamlabæ og þaðan sjónhendingu beina leið samkvæmt hinni fyrr skráðu stefnu, þar til hún og austur-landssuðursstefnan koma saman.“ Og 13. júní s. á. undirrituðu fyrirvarsmenn jarðanna Efri- og Syðri-Steinsmýra og Efri- og Syðri-Fljóta svofellt samkomulag um landamerki: „Úr Sótabakka að vestan í Arabúfu og úr henni í Gljábakkamark, beint til sjávar, og aftur að ofanverðu úr Sótabakka í vröðu fyrir ofan Gamlabæjarkvísl, beint til sjávar.“ Eftir merkjagöngu, sem síðar verður nánar vikið að, var enn gerð landamerkjaskrá, undirrituð 1. júní 1923 og 31. maí 1929 af forsvarsmönnum Efri-Steinsmýrar og nágrannajarða hennar. Segir þar m. a. svo: „1. Suðvesturhornmark er stór grjótvarða með staur, hlaðin á háu skeri, sem nefnt er Þrívörðusker og er í eldhrauninu, í suður-suðaustur af skerinu Grímu. Þaðan liggja mörkin beina sjón-

hendingu í vörðu á hrauntanganum norðan við Fljótakrök, þaðan eftir Fljótsfarvegi að Hólmalæknum norðan við ytra Hólmatagl og áfram eftir norðurbakka Hólmalækjarins í vörðu úr torfi og grjóti á Sótabökkum norðanverðum

3. Frá Sótabakkavörðu í austur bein stefna í grjótvrörðu með stiku norðan við eyðibæinn Gamlabæ, þaðan sama stefna í stiku í sjávarmelunum og sama stefna áfram, þar til er þessi landamerkjalinna og norðausturmarkalinna jarðarinnar „skerast“, eða austur að Hörgslandsmörkum“. Er tekið fram, að Syðri-Steinsmýrarland liggi að landamerkjalínu samkvæmt 3. tölulið.

Ýmis vitni hafa borið vætti í málinu.

Annars vegar eru vitnin Bjarni Eyjólfsen og Guðmundur Bjarnason, sem telja, að grjótvarða sú nálægt rústum Gamlabæjar, er áfrýjendur miða kröfur sínar við, sé rétt mark. Bjarni Eyjólfsen, sem hefur verið ábúandi $\frac{1}{4}$ hluta Efri-Steinsmýrar frá því á árinu 1926, gekk fyrst á merki 1950 og taldi sig þá sjá, að nefnd varða mundi vera rétt mark samkvæmt landamerkjaskrá. Guðmundur Bjarnason, sem var ábúandi á Efri-Steinsmýri á árunum 1926—1947, telur og, að sama varða hafi á þessum árum verið ágreiningslaus landamerkjavarða milli Efri- og Syðri-Steinsmýrar.

Á hinn bóginn eru allmörg vitni, sem bera á annan veg um þessi atriði. Bjarnfreður Ingimundarson, sem fluttist frá Efri-Steinsmýri árið 1946, eftir að hafa dvalizt þar rúm 50 ár, ber, að allan þann tíma hafi ágreiningslaus landamerkjalinna milli Efri- og Syðri-Steinsmýrar verið í beinu framhaldi af línunni milli Hrauntangavörðu og Sótabakkavörðu, og hafi sú lína legið um smávörðu með tréstiku alllangt norðan Gamlabæjarrústa. Smávarða þessi hafi verið staðsett á norðurbakka svonefndrar Gömlubæjarkvísar, sem nú mun ekki sýnileg ofan jarðar, en vitnið kveðst með uppgrefti hafa fundið farveg hennar. Grjótvrörðu þá, er áfrýjendur vitna til, segir vitni þetta hins vegar vera sunnan nefndrar kvísar. Vitnið var og meðal þeirra, er gengu á merki á þessum slóðum, áður en merkjaskráin frá 1923 og 1929 var gerð, og staðhæfir vitnið, að þá hafi verið ágreiningslaust, að landa-

merkjalínan skyldi miðuð við beint framhald línunnar milli Hrauntangavörðu og Sótabakkavörðu. Páll Jónsson, ábúandi á Syðri-Steinsmýri I, og Sveinn Sveinsson, sem fluttist frá Efri-Steinsmýri um árið 1933, eftir að hafa búið þar um 10 ár, voru einnig á nefndri merkjagöngu. Bera þeir og, að lína sú, er vitnið Bjarnfreður tilgreinir, hafi þá verið ágreiningslaus af öllum. Vitnið Sveinn svo og vitnið Jóhann Þorsteinson bera einnig, að stórgripagirðing, sem Efri-Steinsmýrarmenn hafi nokkru síðar sett upp, hafi verið sett í þessi mörk, og er það í samræmi við fram lagðan, óvefengdan uppdrátt af þrætulandinu. Vitnið Eyjólfur Eyjólfsson, sem einnig var með á merkjagöngunni eftir 1920, ber og, að engin ákvörðun hafi þá verið tekin um breytta línu frá Sótabakkavörðu frá því, sem áður var. Halldór Davíðsson, ábúandi á Syðri-Steinsmýri og eigandi $\frac{1}{4}$ hluta Efri-Steinsmýrar, stóð að því, að framangreind stórgripagirðing var sett upp, og ber hann, að þá hafi verið ágreiningslaust, að girðing þessi hafi verið sett í rétt mörk gagnvart Efri-Steinsmýri. Halldór hefur eigi viljað taka þátt í málssókn þessari með áfrýjendum. Loks liggur fyrir í málinu vottorð Hávarðs Jónssonar, sem ekki hefur verið mótmælt sem óstaðfestu. Hefur Hávarður það eftir gömlum mönnum, að markavarðan hjá Gamlabæ hafi verið fyrir norðan Gömlubæjarkvísl, en hins vegar sé grjótvörða sú, er áfrýjendur vilja miða við, tvímælalaust sunnan kvíslarinnar.

Þegar litið er til þess, sem nú hefur verið rakið, verður að telja nægilega sannað, að mörk á þrætulandinu liggi eins og stefndi heldur fram. Þau mörk samrýmast og þeim ákvæðum landamerkjaskrárinnar frá 3. maí 1886, sem áður hafa verið rakin, og greina skilmerkilegast frá stefnum, en vitni, sem voru á merkjagöngunni, áður en skráin frá 1923 og 1929 var gerð, bera, að ekki hafi þá verið ætlunin að breyta fyrri stefnu markalínunnar á þessum slóðum. Dómkröfur stefnda verða því teknar til greina.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestast, en áfrýjendum verður dæmt að greiða stefnda kr. 5.000,00 í málskostnað í Hæstarétti.

Það athugast, að ekki hefur verið ákveðið um þóknun og ferðakostnað dómenda í héraði í samræmi við 6. málsg. 9. gr. laga nr. 41/1919.

Dómsorð:

Landamerki milli jarðanna Efri- og Syðri-Steinsmýrar ákveðast þannig: bein lína frá Sótabakkavörðu, miðuð við framhald línu milli þeirrar vörðu og Hrauntangavörðu, þar til línan sker mörk Kirkjubæjarhrepps og Hörgslandshrepps.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist.

Áfrýjendur, Helgi Lárusson og Ólafur Bjarnason, greiði stefnda, landbúnaðarráðherra f. h. ríkissjóðs, kr. 5.000,00 í málskostnað í Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur landamerkjadóms Skaftafellssýslu 28. ágúst 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. ágúst þ. á., er tekið upp ex officio samkvæmt landamerkjalögum, nr. 41/1919, og þingfest 17. þ. m. fyrir aukadómþingi Skaftafellssýslu. Er það risið út af ágreiningi um landamerki milli jarðanna Efri- og Syðri-Steinsmýrar í Leiðvallarhreppi.

Eigandi Syðri-Steinsmýrar er ríkissjóður, og eigendur Efri-Steinsmýrar eru Helgi Lárusson að hálfum hluta jarðarinnar, Ólafur Bjarnason að einum fjórða og Halldór Davíðsson að einum fjórða.

Ágreiningur er um, hvernig stefna landamerkjalínu þessara jarða er frá Sótabakkavörðu og til sjávar.

Eigandi Syðri-Steinsmýrar gerir þær dómkröfur, að landamerkjalínan verði ákveðin bein lína allt frá Hrauntangavörðu um Sótabakkavörðu og sama stefna allt til sjávar eða þar sem línan kann að skerast af landamörkum Hörgslandshrepps.

Helgi Lárusson og Ólafur Bjarnason, eigendur að $\frac{3}{4}$ hlutum Efri-Steinsmýrar, gera þær dómkröfur, að landamerki nefndra jarða verði ákveðin svo sem þau eru skráð í 3. lið landamerkja-

skrár fyrir Efri-Steinsmýri, dags. 1. júní 1923 og 31. maí 1929, en þar segir svo:

„Frá Sótabakkavörðu í austur bein stefna í grjótvörðu með stiku norðan við eyðibæinn Gamlabæ, þaðan sama stefna í stiku í sjávarmelunum og sama stefna áfram, þar til þessi landamerkjalinu og norðausturmarkalinu jarðarinnar (undir tölulið 2) „skerast“, eða austur í Hörgslandsmörkum. Að landamerkjalinu tölulið 1 liggur að suðvestan Efri-Fljótaland, að tölulið 2 að vestan Botnaland, að norðan og austan Hraunaland og Arnardrangs, að tölulið 3 Syðri-Steinsmýrarland. Að austan verður Hörgslandsland.“

Halldór Davíðsson, eigandi $\frac{1}{4}$ hluta Efri-Steinsmýrar, gerir engar sjálfstæðar kröfur í málinu.

Báðir málsaðiljar krefjast málskostnaðar sér til handa eftir mati dómsins.

Í landamerkjaskrá „kringum eignarlönd þjóðjarðarinnar Steinsmýrar efri“ frá 3. maí 1886 segir svo:

„1. Suðvesturhornmark er grjótvarða, hlaðin á háu skeri, úr henni beina stefnu í aðra vörðu á hraunbrúninni á móts við miðjan fljótsfarveginn, sem er fyrir framan bæinn Efri-Steinsmýri, úr þeirri vörðu beina stefnu í vörðu á Sótabakka, úr þeirri vörðu beina stefnu í vörðu fyrir ofan Gamlabæ og þaðan sjónhendingu beina leið samkvæmt hinni fyrr skráðu stefnu, þar til hún og austur-landssuðurstefnan koma saman.“

Ög í landamerkjaskrá Efri- og Syðri-Steinsmýrar og Efri- og Syðri-Fljóta frá 13. júní 1886 segir enn fremur svo:

„Við undirritaðir höfum komið okkur saman um landamörk svona hljóðandi: Úr Sótabakka að vestan í Arabúfu og úr henni í Gljábakkamark beint til sjávar og aftur að ofanverðu úr Sótabakka í vörðu fyrir ofan Gamlabæjarkvísl beint til sjávar.“

Loks segir svo í landamerkjaskrá „umhverfis eignarland bænda- eignarinnar Efri-Steinsmýrar í Leiðvallarhreppi“, dags. 1. júní 1923 og 31. maí 1929:

„1. Suðvesturhornmark er stór grjótvarða með staur, hlaðin á háu skeri, sem nefnt er Þrívörðusker og er í Eldhrauninu í suður-suðaustur af skerinu Grímu. Þaðan liggja mörkin í beina sjónhendingu í vörðu á hrauntanganum norðan við Fljótakrök, þaðan eftir Fljótsfarvegi að Hólmalæknum norðan við ytra Hólmatagl og áfram eftir norðurbakka Hólmalækjarins í vörðu úr torfi og grjóti á Sótabökkum norðanverðum“

3. Þessi liður landamerkjaskrárinnar er áður rakinn.

Allmörg vitni hafa komið fyrir dóm í máli þessu.

Vitnið Eyjólfur Eyjólfsson hreppstjóri, sem var með í því að ákveða landamerki nefndra jarða eftir 1920, segir, að í göngu á landamerkin þá hafi landamerkjaskrá jarðanna frá 1886 verið lögð til grundvallar, er mörkin voru endurreist, og engin ákvörðun tekin um að breyta merkjalínunni frá því, sem áður var, þó með þeirri undantekningu, að vikið hafi verið frá beinni landamerkjalínu á svæðinu frá Hrauntangavörðu að Sótabakka, til þess að Efri-Steinsmýringar gætu notað áveitu, sem þeir höfðu gert þar. Þetta vitni getur þess sérstaklega, að engin ákvörðun hafi verið tekin um að breyta línunni austur frá Sótabakka.

Framburður vitnisins Bjarnfreðar Jóhanns Ingimundarsonar er að mestu í samræmi við framangreindan framburð.

Þá segir vitnið Páll Jónsson, sem var með í merkjagöngunni eftir 1920, að þá hafi verið „byrjað á vörðu á hraunbrúninni og tekin bein lína í Sótabakkamark og áfram bein lína í stiku norður af Gamlabæ, sem nokkrum steinum var raðað að, og þaðan áfram bein lína austur að Skaftárósi, og var sett þar stika í melkoll, sem er nú blásinn upp fyrir nokkru síðan og stikan fallin.“

Enn segir vitnið Sveinn Sveinsson, sem einnig var með í merkjagöngunni eftir 1920, „að frá markinu í hraunbrúninni og að því meðtöldu voru settar upp með allöngu millibili stangir eða prik með hvítum veifum á, öll merkin svo miðuð saman gegnum sjónauka og þaðan haldið áfram beina línu að Skaftárósi. Enginn ágreiningur var fyrir hendi, en full áherzla lögð á, að línán skyldi bein til enda.“

Ýmis fleiri vitni hafa komið fyrir dóm í málinu, en ekkert hefur komið fram í framburði þeirra, er hnekkj framburði framangreindra vitna eða merkjalýsingunni frá 1886, að undantekinni þeirri einu breytingu, sem gerð var 1923 á merkjalínunni frá Hrauntangavörðu að Sótabakka, sem var í því fólgin að fylgja lækjarrennsli á þessu svæði, en þessi breyting snertir einvörðungu landamerkin milli Efri-Fljóta og Efri-Steinsmýrar.

Eldri menn, kunnugir á þessum slóðum, kannast við Gamlabæjarkvísl, sem var spölkorn norður af eyðibýlinu Gamlabæ, en nú er kvísl þessi sandorpin og horfin. Vitnið Bjarnfreður Jóhann Ingimundarson segir, að landamerkjastikan, sem sett var þarna upp eftir 1920, hafi verið norðan kvíslarinnar. Ber það heim við umsögn Hávarðar Jónssonar, sem lögð hefur verið

fram í málinu (dómskj. 6), en hann er nú látinn. Í umsögn hans segir, að grjóthrúga sú, sem nú er norðan við Gamlabæjarrúst, sé „tvímælalaust sunnan Gamlabæjarkvíslar“.

Í landamerkjaskrá Steinsmýra- og Fljótagarða frá 13. júní 1886 segir, að landamerkjavarðan hafi verið fyrir „ofan Gamlabæjarkvísl“.

Í málinu liggja fyrir uppdrættir sem dómskjöl nr. 1 og 2, sem málsaðiljar hafa lagt fram í sameiningu.

Enginn ágreiningur er um staðsetningu varðanna á Hrauntanga-brún og Sótabakka.

Að því athuguðu, sem að framan er greint, þykja landamerki milli jarðanna Efri- og Syðri-Steinsmýrar rétt ákveðin þannig:

Bein lína úr vörðu á Hrauntangabrún í Sótabakkavörðu og framhald þeirrar beinu línu til sjávar eða þar til hún sker landamörk Hörgslandshrepps, sbr. uppdrætti á dómskjali nr. 1 og 2.

Eftir öllum málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan hafa kveðið upp sýslumaður Jón Kjartansson og meðdómsmenn Björn Runólfsson og Valgeir Helgason.

Dómsorð:

Landamerki milli jarðanna Efri- og Syðri-Steinsmýrar ákveðast þannig:

Bein lína úr vörðu á Hrauntangabrún um Sótbakkavörðu og framhald þeirrar beinu línu til sjávar eða þar til hún sker landamerki Hörgslandshrepps.

Málskostnaður falli niður.
